

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn mánudaginn 14. júní 2021 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar, en þetta var 87. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, orðanefndarmenn, og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Gerður Aagot Árnadóttir og Runólfur Pálsson höfðu boðað óvænt forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 86. fundar, sem hafði verið send nefndarmönnum í tölvupósti, var samþykkt án athugasemda.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lá orðalisti, sem áður hafði verið sendur nefndarmönnum til yfirferðar.

Kvef: JHJ kynnti lista með öllum þeim heitum í Íðorðasafni lækna þar sem íslenska orðið „kvef“ kemur fyrir í samsetningum. Eins og fram kom á síðasta fundi er orðhlutinn kvef nú orðinn óviðeigandi í ýmsum heitum. Færslurnar voru yfirfarnar lið fyrir lið og ákveðið var að fella niður orðhlutann „kvef“ í ýmsum heitanna og taka upp í staðinn orðhlutann „bólga“. Sem dæmi má nefna: magakvef, garnakvef, ristilkvef og legkvef. Samheiti í færslunum voru einnig endurskoðuð og lagfærð og skilgreiningum hugtaka bætt við þar sem þörf var á.

3. Önnur mál:

- a. **Notkun bandstriks í íslenskum heitum.** JHJ greindi frá athugun á notkun bandstriks milli orðliða í samsettum íslenskum læknisfræðiheitum. Heitin eru fjölmörg Íðorðasafninu, sennilega um 1750 talsins. Bandstrik hafa einkum verið notuð til að: 1) aðgreina erlend mannanöfn frá íslenskum orðhluta, s.s. Alzheimer-sjúkdómur; 2) komast hjá endurtekningu orðhluta í löngum samsettum heitum, s.s. bein-, brjóska- og slímæxli; 3) koma í veg fyrir misskilning, s.s. for-höfuðbláæð (þ.e. forbláæð höfuðs en ekki bláæð forhöfuðs); 4) aðgreina stutt forskeyti í margsamsettu heiti, s.s. auka-hóstarkirtilshnökrar, og loks til að 5) aðgreina tengda orðliði, s.s. fingur-fingurpróf. Heitin verða ekki yfirfarin að sinni en leitast verður við að fylgja þessum meginreglum í framtíðinni.
- b. **In vitro og in vivo:** Samkvæmt ósk MJ var rætt um íslenskar þýðingar á þessum heitum og varð niðurstaðan að sinni. „í tilraunaglasi“ og „í lifandi veru“.
- c. **Verkur og verkir:** RP hafði sent tölvupóst og bent á að endurskoða mætti hvenær eðlilegast væri að nota eintöluna og hvenær fleirtöluna. JHJ greindi frá því að í Íðorðasafni lækna væru 108 færslur með íslenska orðinu „verkur“ en aðeins 15 færslur með orðinu „verkir“. Tekið var vel í að yfirfara þær síðar.
- d. **Ólokin verkefni:** JHJ ræddi lauslega um fyrirbyggjandi, eldri íðorðaverkefni sem af ýmsum ástæðum hafa lent í bið og ekki verið lokið. Æskilegt væri að stefna að því að hefja vinnu við einhver þeirra.

4. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur var ráðgerður um miðjan september. JHJ mun undirbúa fundinn og boða með tölvupóstskeytum.

Fundi var slitið kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.